STJÓRNARTÍÐINDI C 1 — 1983

11. maí 1983 1 Nr. 1

AUGLÝSING

um fullgildingu samnings um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa.

Hinn 5. maí 1983 var aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samnings um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa. Samningurinn var gerður í Genf 13. nóvember 1979 og undirritaður fyrir Íslands hönd sama dag.

Með ályktun 1. mars 1983 heimilaði Alþingi ríkisstjórninni að fullgilda samninginn. Hann tekur gildi fyrir Ísland 3. ágúst 1983.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 11. maí 1983.

Ólafur Jóhannesson.

Ingvi S. Ingvarsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa

Aðilar að samningi þessum,

sem ákveðnir eru að stuðla að samskiptum og samvinnu á sviði umhverfisverndar,

sem eru sér meðvitandi um mikilvægi starfa efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu til þess að styrkja slík samskipti og slíka samvinnu, sérstaklega á sviði loftmengunar, þ. m. t. tilfærslu loftmengunarvalda langar leiðir,

viðurkenna framlag efnahagsnefndar Evrópu til fjölhliða framkvæmdar á viðeigandi ákvæðum lokasamþykktar ráðstefnu um öryggi og samvinnu í Evrópu,

hafa í huga tilvitnanir í kaflanum um umhverfismál í lokasamþykkt ráðstefnu um öryggi og samvinnu í Evrópu sem hvetur til samvinnu í því skyni að hafa stjórn á loftmengun og áhrifum hennar, þ. m. t. tilfærslu loftmengunarvalda langar leiðir, og um mótun víðtækrar áætlunar með alþjóðasamvinnu til þess að hafa eftirlit með og meta tilfærslu loftmengunarvalda langar leiðir, í fyrstu brennisteinstvíildis og e. t. v. síðar annarra mengunarvalda,

CONVENTION

on Long-Range Transboundary Air Pollution

The Parties to the present Convention,

Determined to promote relations and co-operation in the field of environmental protection,

Aware of the significance of the activities of the United Nations Economic Commission for Europe in strengthening such relations and co-operation, particularly in the field of air pollution including long-range transport of air pollutants,

Recognizing the contribution of the Economic Commission for Europe to the multilateral implementation of the pertinent provisions of the Final Act of the Conference on Security and Co-operation in Europe,

Cognizant of the references in the chapter on environment of the Final Act of the Conference on Security and Co-operation in Europe calling for co-operation to control air pollution and its effects, including long-range transport of air pollutants, and to the development through international co-operation of an extensive programme for the monitoring and evaluation of long-range transport of air pollutants, starting with sulphur dioxide and with possible extension to other pollutants,

hafa í huga viðeigandi ákvæði yfirlýsingar ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi mannsins og sérstaklega 21. grundvallarregluna sem setur fram þá sameiginlegu sannfæringu að ríki hafi í samræmi við sáttmála Sameinuðu þjóðanna og grundvallarreglur þjóðaréttar fullveldisrétt til þess að hagnýta sér sín eigin auðæfi samkvæmt sinni eigin stefnu í umhverfismálum og beri ábyrgð á að tryggja að starfsemi innan lögsögu þeirra eða undir stjórn þeirra valdi ekki tjóni á umhverfi annarra ríkja eða á svæðum utan lögsögu ríkja,

viðurkenna að um skaðleg áhrif getur orðið að ræða, hvort sem litið er til skamms eða langs tíma, vegna loftmengunar, þ. m. t. vegna loftmengunar sem berst milli landa,

hafa áhyggjur af því að fyrirsjáanleg aukning útgufunar loftmengunarvalda á svæðinu geti aukið þessi skaðlegu áhrif,

viðurkenna þörfina á að rannsaka afleiðingar þess að loftmengunarvaldar berist langar leiðir og þörfina á að leita úrlausna á vandamálum sem koma í ljós,

staðfesta vilja sinn til þess að efla virka alþjóðasamvinnu í því skyni að móta tilhlýðilega stefnu einstakra ríkja og með upplýsingaskiptum, viðræðum, rannsóknum og eftirliti að samræma aðgerðir einstakra ríkja í því skyni að berjast gegn loftmengun, þ. m. t. loftmengun sem berst langar leiðir milli landa,

hafa orðið ásáttir um eftirfarandi:

Considering the pertinent provisions of the Declaration of the United Nations Conference on the Human Environment, and in particular principle 21, which expresses the common conviction that States have, in accordance with the Charter of the United Nations and the principles of international law, the sovereign right to exploit their own resources pursuant to their own environmental policies, and the responsibility to ensure that activities within their jurisdiction or control do not cause damage to the environment of other States or of areas beyond the limits of national jurisdiction,

Recognizing the existence of possible adverse effects, in the short and long term, of air pollution including transboundary air pollution,

Concerned that a rise in the level of emissions of air pollutants within the region as forecast may increase such adverse effects,

Recognizing the need to study the implications of the long-range transport of air pollutants and the need to seek solutions for the problems identified,

Affirming their willingness to reinforce active international co-operation to develop appropriate national policies and by means of exchange of information, consultation, research and monitoring, to co-ordinate national action for combating air pollution including long-range transboundary air pollution,

Have agreed as follows:

SKILGREININGAR

1. gr.

Í samningi þessum merkir:

a. „loftmengun" að efnum eða orku er veitt út í andrúmsloftið af manna völdum, beint eða óbeint, sem hefur þær skaðlegu afleiðingar að þær ógni heilsu manna, skaða lifandi auðæfi og vistkerfi og efnisleg verðmæti og rýri eða valdi truflun á umhverfisaðstöðu og annarri réttmætri notkun á umhverfinu, og „loftmengunarvalda" skal túlka í samræmi við þessa skilgreiningu.

b. „loftmengun sem berst langar leiðir milli landa" loftmengun sem á efnisleg upptök að öllu eða sumu leyti á svæði sem er undir lögsögu eins ríkis og hefur skaðleg áhrif á svæði sem er undir lögsögu annars ríkis í þeirri fjarlægð að það er almennt ekki unnt að ákvarða hvaða hlut einstök upptök eða hópar af upptökum eiga í útgufuninni.

DEFINITIONS

ARTICLE 1

For the purposes of the present Convention:

(a) *"air pollution"* means the introduction by man, directly or indirectly, of substances or energy into the air resulting in deleterious effects of such a nature as to endanger human health, harm living resources and ecosystems and material property and impair or interfere with amenities and other legitimate uses of the environment, and *"air pollutants"* shall be construed accordingly;

(b) *"long-range transboundary air pollution"* means air pollution whose physical origin is situated wholly or in part within the area under the national jurisdiction of one State and which has adverse effects in the area under the jurisdiction of another State at such a distance that it is not generally possible to distinguish the contribution of individual emission sources or groups of sources.

GRUNDVALLARREGLUR

2. gr.

Samningsaðilar sem gera sér vel ljósar staðreyndir og vandamál sem um ræðir eru staðráðnir í að verja manninn og umhverfi hans gegn loftmengun og munu leitast við að takmarka og, að svo miklu leyti sem unnt er, draga smám saman úr og koma í veg fyrir loftmengun, þ. m. t. loftmengun sem berst langar leiðir milli landa.

3. gr.

Samningsaðilar skulu innan ramma samnings þessa móta án óhæfilegrar tafar með upplýsingaskiptum, viðræðum, rannsóknum og eftirliti stefnu og aðferðir sem þjóna skulu þeim tilgangi að berjast gegn losun loftmengunarvalda og skal tillit tekið til aðgerða sem gerðar hafa verið í einstökum ríkjum og á alþjóðavettvangi.

4. gr.

Samningsaðilar skulu skiptast á upplýsingum um og endurskoða stefnu sína, vísindastörf og tæknilegar ráðstafanir, sem miða að því að berjast, að svo miklu leyti sem unnt er, gegn losun loftmengunarvalda, sem geta haft skaðleg áhrif, og stuðla þar með að því að draga úr loftmengun, þ. m. t. loftmengun sem berst langar leiðir milli landa.

5. gr.

Viðræður skulu samkvæmt beiðni fljótlega fara fram milli annars vegar samningsaðila sem hafa raunverulega orðið fyrir áhrifum loftmengunar sem berst langar leiðir milli landa eða sem veruleg hætta er á að verði fyrir slíkri mengun og, hins vegar, samningsaðila sem eiga lögsögu þar sem verulegur hluti loftmengunar sem berst langar leiðir milli landa á eða gæti átt upptök sín í sambandi við starfsemi sem þar fer fram eða þar er fyrirhuguð.

STJÓRN Á GÆÐUM LOFTS

6. gr.

Með tilliti til 2.—5. gr., yfirstandandi rannsókna, skipta á upplýsingum og eftirlits og árangurs af því, kostnaðar og árangurs af staðbundnum úrbótum og öðrum úrbótum og í þeim tilgangi að berjast gegn loftmengun, sérstaklega þeirri sem á upptök í nýjum eða endurbyggðum mannvirkjum, tekst sérhver samningsaðili á hendur að móta bestu hugsanlegu stefnu og aðferðir, þ. m. t. stjórnkerfi fyrir gæði lofts og, sem hluta af því síðastnefnda, stjórnunarráðstafanir sem séu sam-

FUNDAMENTAL PRINCIPLES

ARTICLE 2

The Contracting Parties, taking due account of the facts and problems involved, are determined to protect man and his environment against air pollution and shall endeavour to limit and, as far as possible, gradually reduce and prevent air pollution including long-range transboundary air pollution.

ARTICLE 3

The Contracting Parties, within the framework of the present Convention, shall by means of exchanges of information, consultation, research and monitoring, develop without undue delay policies and strategies which shall serve as a means of combating the discharge of air pollutants, taking into account efforts already made at national and international levels.

ARTICLE 4

The Contracting Parties shall exchange information on and review their policies, scientific activities and technical measures aimed at combating, as far as possible, the discharge of air pollutants which may have adverse effects, thereby contributing to the reduction of air pollution including long-range transboundary air pollution.

ARTICLE 5

Consultations shall be held, upon request, at an early stage between, on the one hand, Contracting Parties which are actually affected by or exposed to a significant risk of long-range transboundary air pollution and, on the other hand, Contracting Parties within which and subject to whose jurisdiction a significant contribution to long-range transboundary air pollution originates, or could originate, in connexion with activities carried on or contemplated therein.

AIR QUALITY MANAGEMENT

ARTICLE 6

Taking into account articles 2 to 5, the ongoing research, exchange of information and monitoring and the results thereof, the cost and effectiveness of local and other remedies and, in order to combat air pollution, in particular that originating from new or rebuilt installations, each Contracting Party undertakes to develop the best policies and strategies including air quality management systems and, as part of them, control measures compatible with balanced development, in particular

rýmanlegar jafnvægi í framþróun, sérstaklega með því að nota bestu fáanlegu tækni sem er fjárhagslega hagkvæm og tækni sem gefur frá sér lítil eða engin úrgangsefni.

RANNSÓKNIR OG ÞRÓUN

7. gr.

Samningsaðilar skulu, eftir því sem hæfir þörfum þeirra, hafa frumkvæði að og efna til samvinnu um rannsóknir og/eða þróun á:

a. Tækni þegar fyrir hendi og fyrirhuguð til að draga úr útgufun brennisteinssambanda og annarra helstu loftmengunarvalda þar sem tekið sé tillit til þess hversu tæknilega og fjárhagslega hagkvæm sú tækni er og áhrifa hennar á umhverfið.

b. Tækjabúnaði og öðrum aðferðum til þess að hafa eftirlit með og mæla útgufunarstig og hvernig loftmengunarvaldar þéttast í andrúmsloftinu.

c. Endurbættum líkönum til þess að auka skilning á tilfærslu loftmengunarvalda langar leiðir milli landa.

d. Áhrifum brennisteinssambanda og annarra helstu loftmengunarvalda á heilsu manna og umhverfið, þ. m. t. landbúnað, skógrækt, efnisleg verðmæti, vatnasvæði og önnur náttúruleg vistkerfi og skyggni, í því skyni að byggja upp vísindalegan grundvöll fyrir skammta/áhrifa tengsl sem ætlaður er til verndar umhverfinu.

e. Fjárhagslegu, félagslegu og umhverfislegu mati á öðrum ráðstöfunum til þess að ná umhverfismarkmiðum, þ. m. t. að draga úr loftmengun sem berst langar leiðir milli landa.

f. Fræðslu- og kennsluáætlunum um umhverfisþátt mengunar af völdum brennisteinssambanda og annarra helstu loftmengunarvalda.

SKIPTI Á UPPLÝSINGUM

8. gr.

Samningsaðilar skulu innan framkvæmdastofnunarinnar sem um getur í 10. gr. og tvíhliða skiptast í sameiginlega þágu á aðgengilegum upplýsingum um:

a. Gögn um útgufun, á þeim tímum sem samkomulag verður um, tiltekinna mengunarvalda, í fyrstu brennisteinstvíildis, sem kemur frá hnitaeiningum af tiltekinni stærð; eða um streymi tiltekinna mengunarvalda, í fyrstu brennisteinstvíildis, yfir landamæri ríkja, innan fjarlægðar og á þeim tímum sem samkomulag verður um.

b. Meiri háttar breytingar á stefnu einstakra ríkja og á iðnþróun almennt og hugsanleg áhrif þeirra sem væru líkleg til þess að valda verulegum breytingum á loftmengun sem berst langar leiðir milli landa.

by using the best available technology which is economically feasible and low- and non-waste technology.

RESEARCH AND DEVELOPMENT

ARTICLE 7

The Contracting Parties, as appropriate to their needs, shall initiate and co-operate in the conduct of research into and/or development of:

(a) existing and proposed technologies for reducing emissions of sulphur compounds and other major air pollutants, including technical and economic feasibility, and environmental consequences;

(b) instrumentation and other techniques for monitoring and measuring emission rates and ambient concentrations of air pollutants;

(c) improved models for a better understanding of the transmission of long-range transboundary air pollutants;

(d) the effects of sulphur compounds and other major air pollutants on human health and the environment, including agriculture, forestry, materials, aquatic and other natural ecosystems and visibility, with a view to establishing a scientific basis for dose/effect relationships designed to protect the environment;

(e) the economic, social and environmental assessment of alternative measures for attaining environmental objectives including the reduction of long-range transboundary air pollution;

(f) education and training programmes related to the environmental aspects of pollution by sulphur compounds and other major air pollutants.

EXCHANGE OF INFORMATION

ARTICLE 8

The Contracting Parties, within the framework of the Executive Body referred to in article 10 and bilaterally, shall, in their common interests, exchange available information on:

(a) data on emissions at periods of time to be agreed upon, of agreed air pollutants, starting with sulphur dioxide, coming from grid-units of agreed size; or on the fluxes of agreed air pollutants, starting with sulphur dioxide, across national borders, at distances and at periods of time to be agreed upon;

(b) major changes in national policies and in general industrial development, and their potential impact, which would be likely to cause significant changes in long-range transboundary air pollution;

c. Stjórntækni til þess að draga úr loftmengun sem skiptir máli fyrir loftmengun sem berst langar leiðir milli landa.

d. Áætlaðan kostnað við að hafa stjórn á útgufun á brennisteinssamböndum og öðrum helstu mengunarvöldum í einstökum ríkjum.

e. Veðurfræðileg og eðlis- og efnafræðileg gögn varðandi þær breytingar sem verða meðan á tilfærslu stendur.

f. Eðlis- og efnafræðileg og líffræðileg gögn varðandi áhrif af loftmengun sem berst langar leiðir milli landa og um það að hve miklu leyti tjón[1] megi rekja til loftmengunar sem berst langar leiðir milli landa samkvæmt gögnum þessum.

g. Stefnu og aðferðir í einstökum ríkjum, svæðahlutum og svæðum til þess að hafa stjórn á brennisteinssamböndum og öðrum helstu loftmengunarvöldum.

(c) control technologies for reducing air pollution relevant to long-range transboundary air pollution;

(d) the projected cost of the emission control of sulphur compounds and other major air pollutants on a national scale;

(e) meteorological and physico-chemical data relating to the processes during transmission;

(f) physico-chemical and biological data relating to the effects of long-range transboundary air pollution and the extent of the damage[1] which these data indicate can be attributed to long-range transboundary air pollution;

(g) national, subregional and regional policies and strategies for the control of sulphur compounds and other major air pollutants.

FRAMKVÆMD OG FRAMÞRÓUN SAMSTARFSÁÆTLUNAR UM EFTIRLIT MEÐ OG MAT Á TILFÆRSLU LOFTMENGUNARVALDA LANGAR LEIÐIR Í EVRÓPU

9. gr.

Samningsaðilar leggja áherslu á nauðsyn þess að framfylgja gildandi „Samstarfsáætlun um eftirlit með og mat á tilfærslu loftmengunarvalda langar leiðir í Evrópu“ (hér á eftir nefnd EMEP) og, varðandi framþróun þessarar áætlunar, eru ásáttir um að leggja áherslu á:

a. Að æskilegt sé að samningsaðilar taki þátt í og framfylgi að öllu leyti EMEP sem í fyrstu byggist á eftirliti með brennisteinstvíildi og skyldum efnum.

b. Nauðsyn þess að nota sambærilegar eða samræmdar aðferðir til eftirlits hvenær sem unnt er.

c. Að æskilegt sé að byggja áætlanir um eftirlit á áætlunum í einstökum ríkjum sem og alþjóðaáætlunum. Stofnun eftirlitsstöðva og söfnun gagna skal fara fram undir lögsögu þess ríkis þar sem eftirlitsstöðvarnar eru.

[1] Í samningi þessum er ekki regla um ábyrgð ríkja á tjóni.

IMPLEMENTATION AND FURTHER DEVELOPMENT OF THE CO-OPERATIVE PROGRAMME FOR THE MONITORING AND EVALUATION OF THE LONG-RANGE TRANSMISSION OF AIR POLLUTANTS IN EUROPE

ARTICLE 9

The Contracting Parties stress the need for the implementation of the existing "Co-operative programme for the monitoring and evaluation of the long-range transmission of air pollutants in Europe" (hereinafter referred to as EMEP) and, with regard to the further development of this programme, agree to emphasize:

(a) the desirability of Contracting Parties joining in and fully implementing EMEP which, as a first step, is based on the monitoring of sulphur dioxide and related substances;

(b) the need to use comparable or standardized procedures for monitoring whenever possible;

(c) the desirability of basing the monitoring programme on the framework of both national and international programmes. The establishment of monitoring stations and the collection of data shall be carried out under the national jurisdiction of the country in which the monitoring stations are located;

[1] The present Convention does not contain a rule on State liability as to damage.

d. Að æskilegt sé að koma á ramma fyrir samstarf um áætlun um umhverfiseftirlit sem byggt sé á og hafi hliðsjón af áætlunum þeim sem þegar eru fyrir hendi og framtíðaráætlunum í einstökum ríkjum, svæðahlutum og svæðum og öðrum alþjóðaáætlunum.

e. Nauðsyn þess að skiptast á gögnum um útgufun, á þeim tímum sem samkomulag verður um, tiltekinna mengunarvalda, í fyrstu brennisteinstvíildis, sem kemur frá hnitaeiningum af tiltekinni stærð; eða um streymi tiltekinna mengunarvalda, í fyrstu brennisteinstvíildis, yfir landamæri ríkja, innan þeirrar fjarlægðar og á þeim tímum sem samkomulag verður um. Aðferðin, þ. m. t. líkanið, sem notuð er til þess að ákvarða streymið svo og aðferðin, þ. m. t. líkanið, sem notað er til þess að ákvarða tilfærslu mengunarvalda sem byggð er á útgufun frá hverri hnitaeiningu, skulu vera aðgengileg og endurskoðuð reglulega svo að endurbæta megi aðferðirnar og líkönin.

f. Vilja sinn til þess að halda áfram að skiptast á og endurnýja reglulega gögn einstakra ríkja um heildarútgufun tiltekinna mengunarvalda, í fyrstu brennisteinstvíildis.

g. Nauðsyn þess að láta í té veðurfræðileg og eðlis- og efnafræðileg gögn varðandi þær breytingar sem verða meðan á tilfærslu stendur.

h. Nauðsyn þess að hafa eftirlit með efnasamböndum í öðrum miðlum svo sem vatni, jarðvegi og gróðri svo og að hafa svipaðar eftirlitsáætlanir til þess að skrásetja áhrif á heilsu og umhverfi.

i. Að æskilegt sé að auka fjölda EMEP stöðva í einstökum ríkjum svo að þær geti starfað að stjórn og umsjón.

(d) the desirability of establishing a framework for a co-operative environmental monitoring programme, based on and taking into account present and future national, subregional, regional and other international programmes;

(e) the need to exchange data on emissions at periods of time to be agreed upon, of agreed air pollutants, starting with sulphur dioxide, coming from grid-units of agreed size; or on the fluxes of agreed air pollutants, starting with sulphur dioxide, across national borders, at distances and at periods of time to be agreed upon. The method, including the model, used to determine the fluxes, as well as the method, including the model, used to determine the transmission of air pollutants based on the emissions per grid-unit, shall be made available and periodically reviewed, in order to improve the methods and the models;

(f) their willingness to continue the exchange and periodic updating of national data on total emissions of agreed air pollutants, starting with sulphur dioxide;

(g) the need to provide meteorological and physico-chemical data relating to processes during transmission;

(h) the need to monitor chemical components in other media such as water, soil and vegatation, as well as a similar monitoring programme to record effects on health and environment;

(i) the desirability of extending the national EMEP networks to make them operational for control and surveillance purposes.

FRAMKVÆMDASTOFNUN

10. gr.

1. Fulltrúar samningsaðila skulu á vettvangi helstu ráðgjafa ríkisstjórna aðila efnahagsnefndar Evrópu um umhverfisvandamál mynda framkvæmdastofnun vegna samnings þessa og skulu þeir halda fund sem slíkir árlega hið minnsta.

2. Framkvæmdastofnunin skal:

a. Fylgjast með framkvæmd samnings þessa.

b. Stofna, eftir því sem við á, vinnuhópa til þess að athuga mál sem varða framkvæmd og framþróun samnings þessa og undirbúa í þessu skyni viðeigandi greinargerðir og önnur skjöl og leggja tillögur fyrir framkvæmdastofnunina.

EXECUTIVE BODY

ARTICLE 10

1. The representatives of the Contracting Parties shall, within the framework of the Senior Advisers to ECE Governments on Environmental Problems, constitute the Executive Body of the present Convention, and shall meet at least annually in that capacity.

2. The Executive Body shall:

(a) review the implementation of the present Convention;

(b) establish, as appropriate, working groups to consider matters related to the implementation and development of the present Convention and to this end to prepare appropriate studies and other documentation and to submit recommendations to be considered by the Executive Body;

c. Inna af höndum önnur störf eftir því sem við á samkvæmt ákvæðum samnings þessa.

3. Framkvæmdastofnunin skal notfæra sér stjórnarstofnun EMEP þannig að hún geti tekið virkan þátt í að framfylgja samningi þessum, sérstaklega varðandi gagnasöfnun og vísindalegt samstarf.

4. Framkvæmdastofnunin skal enn fremur við framkvæmd starfa sinna þegar hún telur það við eiga notfæra sér upplýsingar frá öðrum alþjóðastofnunum á þessu sviði.

(c) fulfil such other functions as may be appropriate under the provisions of the present Convention.

3. The Executive Body shall utilize the Steering Body for the EMEP to play an integral part in the operation of the present Convention, in particular with regard to data collection and scientific co-operation.

4. The Executive Body, in discharging its functions, shall, when it deems appropriate, also make use of information from other relevant international organizations.

SKRIFSTOFAN

11. gr.

Framkvæmdastjóri efnahagsnefndar Evrópu skal annast fyrir hönd framkvæmdastofnunarinnar eftirtalin störf:

a. Kalla saman og undirbúa fundi framkvæmdastofnunarinnar.

b. Senda samningsaðilum skýrslur og aðrar upplýsingar sem berast í samræmi við ákvæði samnings þessa.

c. Inna af höndum þau störf sem framkvæmdastofnunin felur honum.

SECRETARIAT

ARTICLE 11

The Executive Secretary of the Economic Commission for Europe shall carry out, for the Executive Body, the following secretariat functions:

(a) to convene and prepare the meetings of the Executive Body;

(b) to transmit to the Contracting Parties reports and other information received in accordance with the provisions of the present Convention;

(c) to discharge the functions assigned by the Executive Body.

BREYTINGAR Á SAMNINGNUM

12. gr.

1. Sérhver samningsaðili má gera breytingartillögur við samning þennan.

2. Texti breytingartillagna skal lagður fram skriflega við framkvæmdastjóra efnahagsnefndar Evrópu sem skal senda hann öllum samningsaðilum. Framkvæmdastofnunin ræðir breytingartillögur á næsta ársfundi sínum að því tilskildu að framkvæmdastjóri efnahagsnefndar Evrópu hafi sent samningsaðilunum tillögurnar með minnst níutíu daga fyrirvara.

3. Breyting á samningi þessum skal samþykkt af fulltrúum samningsaðila án atkvæðagreiðslu og öðlast gildi gagnvart samningsaðilum þeim sem hafa samþykkt hana á nítugasta degi eftir þann dag sem tveir þriðju samningsaðilanna hafa afhent samþykktarskjöl til varðveislu. Eftir þann tíma öðlast breytingin gildi gagnvart sérhverjum öðrum

AMENDMENTS TO THE CONVENTION

ARTICLE 12

1. Any Contracting Party may propose amendments to the present Convention.

2. The text of proposed amendments shall be submitted in writing to the Executive Secretary of the Economic Commission for Europe, who shall communicate them to all Contracting Parties. The Executive Body shall discuss proposed amendments at its next annual meeting provided that such proposals have been circulated by the Executive Secretary of the Economic Commission for Europe to the Contracting Parties at least ninety days in advance.

3. An amendment to the present Convention shall be adopted by consensus of the representatives of the Contracting Parties, and shall enter into force for the Contracting Parties which have accepted it on the ninetieth day after the date on which two-thirds of the Contracting Parties have deposited their instruments of acceptance with the

samningsaðila á nítugasta degi eftir þann dag sem sá samningsaðili afhendir samþykktarskjal vegna breytingarinnar til varðveislu.

depositary. Thereafter, the amendment shall enter into force for any other Contracting Party on the ninetieth day after the date on which that Contracting Party deposits its instrument of acceptance of the amendment.

LAUSN DEILUMÁLA

13. gr.

Nú rís deila milli tveggja eða fleiri samningsaðila samnings þessa varðandi túlkun eða framkvæmd samnings þessa og skulu þeir þá leita lausnar á deilunni með samningum eða með einhverri annarri aðferð til lausnar deilum sem aðilar að deilunni sætta sig við.

SETTLEMENT OF DISPUTES

ARTICLE 13

If a dispute arises between two or more Contracting Parties to the present Convention as to the interpretation or application of the Convention, they shall seek a solution by negotiation or by any other method of dispute settlement acceptable to the parties to the dispute.

UNDIRSKRIFT

14. gr.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirskriftar á skrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Genf frá 13. til 16. nóvember 1979 í tilefni af fundi æðstu manna efnahagsnefndar Evrópu um umhverfisvernd fyrir aðildarríki efnahagsnefndar Evrópu svo og þau ríki sem hafa ráðgefandi stöðu gagnvart efnahagsnefnd Evrópu samkvæmt 8. gr. ályktunar fjárhags- og félagsmálaráðsins nr. 36 (IV) frá 28. mars 1947 og fyrir svæðastofnanir um efnahagssamvinnu sem fullvalda ríki sem eru aðilar efnahagsnefndar Evrópu eiga aðild að og heimild hafa til þess að semja, stofna til og framfylgja alþjóðasamningum í þeim málum sem samningur þessi nær til.

2. Þessar svæðastofnanir um efnahagssamvinnu skulu í þeim málum sem falla undir starfssvið þeirra sjálfar framfylgja réttindum og gegna skyldum aðildarríkja samkvæmt samningi þessum. Í þeim tilvikum skal aðildarríkjum stofnana þessara eigi heimilt að framfylgja þessum réttindum hverju fyrir sig.

SIGNATURE

ARTICLE 14

1. The present Convention shall be open for signature at the United Nations Office at Geneva from 13 to 16 November 1979 on the occasion of the High-level Meeting within the framework of the Economic Commission for Europe on the Protection of the Environment, by the member States of the Economic Commission for Europe as well as States having consultative status with the Economic Commission for Europe, pursuant to paragraph 8 of Economic and Social Council resolution 36 (IV) of 28 March 1947, and by regional economic integration organizations, constituted by sovereign States members of the Economic Commission for Europe, which have competence in respect of the negotiation, conclusion and application of international agreements in matters covered by the present Convention.

2. In matters within their competence, such regional economic integration organizations shall, on their own behalf, exercise the rights and fulfil the responsibilities which the present Convention attributes to their member States. In such cases, the member States of these organizations shall not be entitled to exercise such rights individually.

FULLGILDING, STAÐFESTING, SAMÞYKKI OG AÐILD

15. gr.

1. Samning þennan skal fullgilda, staðfesta eða samþykkja.

2. Samningur þessi skal liggja frammi til aðildar frá 17. nóvember 1979 fyrir öll þau ríki og allar þær stofnanir sem um getur í 1. tl. 14. gr.

RATIFICATION, ACCEPTANCE, APPROVAL AND ACCESSION

ARTICLE 15

1. The present Convention shall be subject to ratification, acceptance or approval.

2. The present Convention shall be open for accession as from 17 November 1979 by the States and organizations referred to in article 14, paragraph 1.

3. Fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar- og aðildarskjölum skal komið til varðveislu hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna sem mun annast störf vörsluaðila.

3. The instruments of ratification, acceptance, approval or accession shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations, who will perform the functions of the depositary.

GILDISTAKA

16. gr.

1. Samningur þessi öðlast gildi á nítugasta degi eftir þann dag sem tuttugasta og fjórða fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar- eða aðildarskjalinu hefur verið komið til varðveislu.

2. Nú fullgildir, staðfestir eða samþykkir samningsaðili samning þennan eða gerist aðili að honum eftir afhendingu tuttugasta og fjórða fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar- eða aðildarskjalsins til varðveislu og skal þá samningur þessi öðlast gildi gagnvart því ríki á nítugasta degi eftir þann dag sem það samningsríki afhenti sitt fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar- eða aðildarskjal til varðveislu.

ENTRY INTO FORCE

ARTICLE 16

1. The present Convention shall enter into force on the ninetieth day after the date of deposit of the twenty-fourth instrument of ratification, acceptance, approval or accession.

2. For each Contracting Party which ratifies, accepts or approves the present Convention or accedes thereto after the deposit of the twenty-fourth instrument of ratification, acceptance, approval or accession, the Convention shall enter into force on the ninetieth day after the date of deposit by such Contracting Party of its instrument of ratification, acceptance, approval or accession.

UPPSÖGN

17. gr.

Samningsaðili má segja upp samningi þessum með skriflegri tilkynningu til vörsluaðila hvenær sem er að liðnum fimm árum eftir þann dag sem samningur þessi öðlast gildi gagnvart þeim samningsaðila. Uppsögnin öðlast gildi á nítugasta degi eftir þann dag sem hún berst vörsluaðila.

WITHDRAWAL

ARTICLE 17

At any time after five years from the date on which the present Convention has come into force with respect to a Contracting Party, that Contracting Party may withdraw from the Convention by giving written notification to the depositary. Any such withdrawal shall take effect on the ninetieth day after the date of its receipt by the depositary.

GILDIR TEXTAR

18. gr.

Frumrit samnings þessa skal afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveislu og eru textarnir á ensku, frönsku og rússnesku jafngildir.

AUTHENTIC TEXTS

ARTICLE 18

The original of the present Convention, of which the English, French and Russian texts are equally authentic, shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir sem til þess hafa fullt umboð undirritað samning þennan.

GJÖRT í Genf 13. nóvember 1979.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, being duly authorized thereto, have signed the present Convention.

DONE at Geneva, this thirteenth day of November, one thousand nine hundred and seventy-nine.